



Borgarráð

Samstarf við Icelandic Startups um framkvæmd viðskiptahraðla og Gulleggsins

Lagt er til að borgarráð samþykki áframhaldandi samstarf við Icelandic Startups um framkvæmd viðskiptahraðalsins Hringiðu auk þess að gerast bakhjarl í Gullegginu, stærstu frumkvöðlakeppni landsins.

Greinargerð

Borgarráð samþykkti þann 12. nóvember 2020 að gerast aðili að Grænum viðskiptahraðli sem einn af bakhjörllum verkefnisins og var í framhaldi gerður samningur við Icelandic Startups um framkvæmdina. Framlag Reykjavíkurborgar var 10 m.kr og fór Viðskiptahraðallinn Hringiða fram í fyrsta sinn í mars 2021 og tóku níu teymi þátt. Markmið Hringiðu er að draga fram, efla og styðja nýja tækni og aðferðir sem leysa aðsteðjandi úrlausnarefni í umhverfismálum með það fyrir augum að þátttakendur verði í lok hraðals í stakk búnir til að kynna verkefni sín fyrir fjárfestum og sækja styrki í Evrópusjóði sem styðja verkefni sem draga úr losun. Hraðallinn stóð yfir í tíu vikur og var skipt upp í þrjá fasa; mótun, framkvæmd og kynningu. Fjárfestadagur Hringiðu var haldinn þann 11. júní 2021 þar sem teymin kynntu sín verkefni. Hringiða er hluti af GAN – global accelerator network.

Frumkvöðlakeppnin Gulleggið hóf göngu sína vorið 2008 og var á þeim tíma fyrsti formlegi vettvangurinn til að styðja við hugmyndir sem spruttu upp innan háskólanna en keppnin er í dag opin öllum. Í dag er Gulleggið stærsta frumkvöðlakeppnin sem haldin er á Íslandi og hafa frá upphafi 2.800 hugmyndir verið lagðar fram. Með því að gerast bakhjarl Gulleggsins er Reykjavíkurborg að styðja það að sköpunarkraftur og framtakssemi einstaklinga og hópa finni sér frjósaman farveg innan borgarinnar.

Þátttaka í viðskiptahraðlinum Hringiðu og frumkvöðlakeppninni Gullegginu styður vel við lykilviddir Græna plansins um kolefnishlutlausla borg, grænan vöxt og að engin sé skilin eftir.



Reykjavíkurborg

Lagt er til að Reykjavíkurborg geri samning við Icelandic Startups til tveggja ára. Árlegt fjárframlag Reykjavíkurborgar verður 10 m.kr. vegna framkvæmdar viðskiptahraðals og 2,5 m.kr. til framkvæmdar á Gullegginu.

Kostnaðurinn verður færður af kostnaðarstað 09510.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Drög að samningi við Icelandic Startups.

Hringiða samantekt, 2021.

Reykjavíkurborg kt. 530269-7609, Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík, hér eftir nefnd samstarfsaðili og Klak Innovit kt. 440500-2690, Bjargargötu 1, 102 Reykjavík, hér eftir nefnt Icelandic Startups, gera með sér eftirfarandi

Samstarfssamning

1. gr. Tilgangur og gildissvið

Markmið samningsins eru að efla frumkvöðlastarfsemi og veita samstarfsaðilanum tækifæri til að hafa áhrif á stefnu stuðningsverkefna við nýsköpun meðal annars með það fyrir augum að hvetja til nýrra lausna á áskorunum sem samstarfsaðili stendur frammi fyrir. Í þessu augnamiði mun samstarfsaðili styðja fjárhagslega við bakið á Icelandic Startups til að standa að framkvæmd viðskiptahraðalsins Hringiðu og frumkvöðlakeppninnar Gulleggsins.

2. gr. Samningsverkið

Icelandic Startups skuldbindur sig til þess að framfylgja eftirfarandi:

- 2.1. Að tryggja ár hvert á gildistíma samnings þessa tilvist viðskiptahraðalsins Hringiðu sem stuðlar að því að finna lausnir sem borgarsamfélög standa frammi fyrir, hafa milligöngu um fullfjármögnun hraðalsins, annast markaðssetningu verkefnisins, útvega nauðsynlegt húsnæði, búnað og mannafla sem til þarf og annast skipulagningu og framkvæmd verkefnisins að öllu leyti eftir atvikum í samstarfi við einn eða fleiri samstarfsaðila.
- 2.2. Að samstarfsaðili fái tækifæri til að leggja fram tillögur um áherslur og framkvæmd þó endanleg ákvörðun um slíkt hvíli hjá Icelandic Startups.
- 2.3. Að samstarfsaðili fái að skipa tvo fulltrúa í stýrihóp þess hraðals sem valinn er ár hvert.
- 2.4. Að samstarfsaðila muni gefast tækifæri til að taka þátt með Icelandic Startups í því að halda viðburði fyrir háskólasamfélagið í Reykjavík vegna Gulleggsins.
- 2.5. Gefa samstarfsaðila tækifæri á að markaðssetja sínar áskoranir til verðandi þátttakenda Gulleggsins í gegnum fjölmenna viðburði sem haldnir eru í samstarfi við nýsköpunarnefndir háskólanna.

3. gr. Fjárhagsskuldbindingar og greiðslur

Samningurinn gildir í 2 ár frá undirritun.

Samstarfsaðili skuldbindur sig til þess að framfylgja eftirfarandi:

- 3.1. Að leggja fram eftirfarandi árlegt stuðningsframlag til Icelandic Startups:

10.000.000,- krónur án vsk árlega vegna framkvæmdar á viðskiptahraðlinum Hringiðu; og
2.500.000,- krónur án vsk árlega vegna Gulleggsins frumkvöðlakeppni.

3.2. Fjárhæð framlaga skv. framangreindu skulu árlega taka breytingum skv. þróun vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu í október 2021.

3.3. Framlag samstarfsaðila skal greiðast í fjórum greiðslum yfir samningstímann;

2.500.000,- krónur án vsk með gjalddaga 20. janúar 2022

10.000.000,- krónur án vsk með gjalddaga 20. júlí 2022

2.500.000,- krónur án vsk með gjalddaga 20. janúar 2023

10.000.000,- krónur án vsk með gjalddaga 20. júlí 2023

Greiðsla skal fara fram gegn framvísun reiknings. Reikningurinn skal stílaður á Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609. Nafn Klak Innovit, kennitala og heimilisfang skal einnig koma fram á reikningnum sem skal vera með fyrirfram prentuðu númeri.

4. gr. Ábyrgðaraðilar og tengiliðir

Umsjón og eftirlit með framkvæmd samnings þessa annast skrifstofa borgarstjóra og borgarritara hjá Reykjavíkurborg og framkvæmdastjóri Icelandic Startup sem er tengiliður við Reykjavíkurborg.

5. gr. Eftirlit, eftirfylgni og kynningarmál

Að loknu hverju starfsári sem samningur þessi gildir skulu Icelandic Startups skila samstarfsaðila árituðum ársreikningi og greinargerð um ráðstöfun fjárframlags samstarfsaðila. Skil eru í síðasta lagi þann 1. maí ár hvert.

Icelandic Startups skulu halda kynningu á því verki sem fjárveiting fór til án sérstakrar þóknunar sé eftir því óskað af samstarfsaðila. Icelandic Startups skulu upplýsa í kynningum á starfsemi sinni að þær njóti fjárframlaga frá Reykjavíkurborg.

Allt markaðs- og kynningarefni sem unnið er í tengslum við hraðalinn, ljósmyndir, upptökur o.þ.h. er sameiginleg eign Icelandic Startups og samstarfsaðila.

6. gr. Trúnaðarupplýsingar

Allar upplýsingar, jafn munnlegar sem skriflegar, sem samningsaðilar kunna að hljóta vitneskju um og varða viðskiptahagsmuni Icelandic Startups, fyrirtækja sem nýta sér aðstöðu Icelandic Startups, viðskiptahugmyndir, viðskiptaáætlanir og ágrip sem send eru inn til þátttöku í Frumkvöðlakeppni Icelandic Startups eða eru að öðru leyti tengd Icelandic Startups, skilgreinast sem trúnaðarupplýsingar. Litið er á allar upplýsingar sem önnur fyrirtæki, viðskiptahugmyndir og verkefni sem á einhvern hátt eru tengd Icelandic Startups sem trúnaðarupplýsingar, hvort sem um

er að ræða skrifleg gögn, munnlegar upplýsingar, samskipti á fundum og öllu öðrum sem samningsaðilar kunna að verða vitni að og geta varðað viðskiptahagsmuni annarra.

Samningsaðilar skulu virða sem trúnaðarmál allar þær upplýsingar um starfsemi gagnaðila sem þeir kunna að öðlast við framkvæmd samnings þessa nema lög kveði á um annað, enda séu þær ekki almennt þekktar eða hafi verið gerðar opinberar. Þagnarskylda gildir áfram eftir samningslok. Samningsaðilar og fulltrúar þeirra skulu virða þagnarskyldu skv. 101 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og meðhöndla persónuupplýsingar af fyllsta trúnaði og gæta ákvæða laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

7. gr. Fyrirvarar, vanefndir og meðferð deilumála

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki borgarráðs og borgarstjórnar og eru fjárveitingar Reykjavíkurborgar eftir fyrsta ár samningsins með fyrirvara um fjárheimildir samkvæmt fjárhagsáætlun á hverju ári eftir það.

Samningsaðili áskilur sér rétt til að rifta samningi þessum og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu Icelandic Startups. Telji annar aðilanna sig ekki geta uppfyllt ákvæði samnings þessa skal tilkynnt um það tafarlaust skriflega. Geti Icelandic Startups ekki uppfyllt þau atriði sem nefnd eru í málsgreinum 2.1. -2.5 skulu samtarfsaðili og Icelandic Startups leita leiða til að finna ásættanlega lausn á því máli. Ef fjárframlag frá samningsaðila er notað í öðrum tilgangi en samkvæmt samningi þessum eða á þann hátt að gengur í berhögg við markmið og stefnu Reykjavíkurborgar áskilur samningsaðili sér rétt til að rifta samningum og/eða krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti þegar í stað.

Rísi mál vegna samningsins skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

8. gr. Framsal

Icelandic Startups er með öllu óheimilt að framselja skyldur sínar samkvæmt samningi þessum án samþykkis Reykjavíkurborgar.

Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum og heldur hver aðili sínu eintaki. Undirritaðir aðilar staðfesta samning þennan með undirritun sinni í votta viðurvist.

Reykjavík [DAGS.] 2022

F.h. Icelandic Startups
Kristín Soffía Jónsdóttir, framkvæmdastjóri

F.h. Reykjavíkurborgar
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri

Vitundarvottar:

Nafn og kennitala

Nafn og kennitala



Samantekt / 2021

Hraðallinn

Hringiða er fyrsti viðskiptahraðallinn á Íslandi sem einblínir á nýjar lausnir á sviði hringrásarhagkerfisins. Markmiðið með Hringiðu er að á Íslandi rísi stór og stöndug fyrirtæki sem byggja á hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins, skapi störf og skili árangri í umhverfismálum.

Þetta árið voru níu fyrirtæki valin til þátttöku í verkefninu. Þau fengu aðgang að framúrskarandi vinnuaðstöðu í Grósku og gafst kostur á að njóta fræðslu og þjálfuna og þróa viðskiptahugmyndir sínar áfram. Reyndir frumkvöðlar, fjárfestar auk lykilaðila á sviði hringrásarhagkerfisins, sérfræðingar og stjórnendur veittu fyrirtækjunum leiðsögn og ráðgjöf, þeim að kostnaðarlausu.

- **Fyrirlestrar, erindi og vinnusmiðjur**
- **Fundir með mentorum**
- **Stöðufundir með starfsmönnum Icelandic Startups**
- **Stöðufundir meðal þátttakenda**
- **Þjálfun í kynningu og framkomu**
- **Viðburðir og hópefli**
- **Sýnileiki**

Umfang 2021



24

69% 31% Þátttakendur



32

Fræðsluerindi



30

50% 50% Fyrirlesarar



170

Gestir mættu á þrjá
viðburði þrátt fyrir strangar
samkomutakmarkanir



37

40% 60% Mentorar



220

Mentorfundir

Tölfræði umsókna

31 umsókn víðsvegar að

87% frá Íslandi

13% erlendis frá



Tölfræði þátttakenda

9 teymi valin til þátttöku / 24 einstaklingar

7 teymi kláruðu hraðalinn / 20 einstaklingar

57% af höfuðborgarsvæðinu

23% af landsbyggðinni



Markaðsstarf

1 skipulagður kynningarfundur í aðdraganda umsóknarfrests, samtals **20** gestir á staðnum vegna samkomutakmarkana, **1.300** manns horfðu á netinu.

Náðum til **337.785** einstaklinga á samfélagsmiðlum.
(307.405 paid reach / 30.380 organic)

Í gegnum hraðalinn voru birt **13** myndbönd á samfélagsmiðlum, samtals horfðu **4.031** manns á þau myndbönd.

Áhersla í markaðsstarfi: Kynning á nýju verkefni og áherslum hraðalsins.

Fasi 1: Áhersla á að kynna verkefnið til leiks

Fasi 2: Áhersla á kynningarviðburð

Fasi 3: Umsóknarfestur

Markaðsstarf



Markaðsstarf

birtingar í fjölmiðlum

[illegible]

Þessi grein er höfundarfrétt og hefur verið samþykkt af höfundarfélaginu. Höfundarfréttir eru greinir sem eru höfundarfréttir og eru höfundarfréttir greinir sem eru höfundarfréttir.



Dagur B. Eggertsson borgarstjóri en Reykjavíkur borg kemur að í heaðinum. cc. Næðend mynd

Nú heyrni taka þátt í nýsköpunarskráðlinum Hringida, sem hefur orðið að hefna og styðja nýja tækni og aðferðir til að leysa aðstöðandi drifmagnsnotið í nýsköpunarskráðlinum. Aðrir lausnir eru að bókmal og drifmagnsnotið í la-

INNLENT 31. mai 2021 15:34

Hraðlarnir góður undirbúningur

Teymi sem hafa farið í gegnum hraðla hjá Icelandic Startups eru áherandi í vorútlutun Tæknibróunarsjóðs.

Ritstjórn ritstjorn@vb.is

Hópurinn sem tók þátt í Startup SuperNova á síðasta ári.  Aðsend mynd

Teymi sém fóru í gegnum hræðla og frumkvöðlakeppnir hjá Icelandic



Robert Francis og David Guimondsson standa í bak við Henni Pákk sem jólar spjótvaran staðfengið hætti. [Abund myn](#)

Undanfaraar tía vikar hafa Icelandic Startups keyrt hradalian Hringiða seinstuenu þetta er í fyrsta sinn sem hradallinn 'er frum þettakemur fram í tilkynninga frá Icelandic Startups.

Marknið Hringiðu er að hér rai stær ogstöndug fjirtaki sem byggja
..... Hringrásarhækerfið er hækerfi



Städtegeographie

[illegible]

INNLENT 7. ágúst 2021 19:01

Vannýtt tækifæri í umhverfismálum

Hraðallinn Hringiða miðar að því að á Íslandi rísi stór og stöndug fyrirtæki sem byggja á hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins.

Andrea Sigurðardóttir




Endurgjöf stýrihóps Hringiðu

Hvaða væntingar hafðir þú sem bakhjarl til Hringiðu viðskiptahraðalsins?

1. Hefði vilja sjá stærri hugmyndir á meðal umsækjenda sem væru meira "ground breaking" og "bold"
2. Vekja athygli á nýsköpun og fá inn verkefni sem gætu haft jákvæð áhrif á Grundartanga og sveitarfélög í kring.
3. Þátttaka í að móta Hringiðu hraðalinn.
4. Kynnast öðrum bakhjörum
5. Fá tækifæri til að aðstoða þátttakendur hraðalsins.

Hversu vel eða illa mætti Hringiða væntingum þínum?


(Ánægður og mjög ánægður)



Endurgjöf stýrihóps Hringiðu

Hversu ánægður varstu með einstaka þætti verkefnisins?

(Ánægð/ur og mjög ánægð/ur)




Endurgjöf stýrihóps Hringiðu

Er eitthvað sem ykkur fannst sérstaklega gott við verkefnið?

1. Að Hringiða viðskiptahraðallinn hafi verið settur af stað
2. Góð upplýsingagjöf og ut anumhald í gegnum allt ferlið
3. Teymin sem voru valin til þátttöku

NPS scorið er 60*



*Miðað við fimm svör stýrihóps Hringiðu

NPS meðmælaskor er aðferðafræði sem mælir upplifun neytenda og gengur út á að auðkenna þá sem eru hvetjendur, hlutlausir eða letjendur.


Fulltrúar bakhjarla mynda stýrihóp verkefnisins

Reykjavíkurborg	Óli Örn Eiríksson, Deildarstjóri Atvinnuþróunar. Karen María Jónsdóttir, Skrifstofustjóri, þjónustu og nýsköpunarsvið
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið	Sigríður Valgeirsdóttir, Sérfræðingur, staðgengill skrifstofustjóra
Orkuveita Reykjavíkur	Hólmfríður Sigurðardóttir, Umhverfisstjóri OR Hildigunnur Thorsteinsson, Framkvæmdastýru Nýsköpunar og þróunar innan OR Gestur Pétursson, Framkvæmdastjóri Veitur
Sorpa	Ástþór Ingvi Ingvason, Stöðvastjóri Gufunesi
Terra	Líf Lárusdóttir, Markaðsstjóri Jónína Guðný Magnúsdóttir, Framkvæmdastjóri þjónustu- og viðskiptasviðs
Faxaflóahafnir	Gunnar Tryggvason, Aðstoðar hafnarstjóri
Þróunarfélag Grundartanga	Ólafur Adolfsson, Stjórnarformaður
Þróunarfélag Breið	Valdís Fjölisdóttir, Framkvæmdastjóri
Hvalfjarðarsveit	Linda Björk Pálsdóttir, Sveitarstjóri
Hringiða	Kristín Soffía Jónsdóttir, Formaður Stýrihóps

Árangur & Endurgjöf


Í kjölfar verkefnisins var send út viðhorfsskönnun til þátttakenda og var svarhlutfallið 100%

Hvernig heyrðir þú af Hringiðu?



Hversu ánægð/ur varst þú með eftirfarandi þætti verkefnisins?


(Ánægð/ur og mjög ánægð/ur)



Árangur & Endurgjöf


Hversu ánægð/ur varstu með aðstoð
Hringiðu þegar kom að eftirfarandi þáttum

(Ánægð/ur og mjög ánægð/ur)



Hversu líklegt er að þú myndir mæla með
Hringiðu viðskiptahraðlinum fyrir vin eða
samstarfsfélaga á skalanum 0-10?

NPS scorið er 36*



*NPS meðmælaskor er aðferðafræði sem mælir upplifun neytenda og gengur út á að auðkenna þá sem eru hvetjendur, hlutlausir eða letjendur.

Árangur & Endurgjöf

Var það eitthvað sem þér þótti sérstaklega gott við Hringiðu? Þættir sem við ættum að halda áfram með í komandi hröðlum Hringiðu?

- 1.** Framkomuþjálfun fyrir lokadaginn
- 2.** Allur undirbúningurinn fyrir lokadaginn
- 3.** Framúrskarandi utanumhald
- 4.** Starfsfólk Icelandic Startups var frábært
- 5.** Stöðufundir með Icelandic Startups og teymunum
- 6.** Orkan og andrúmsloftið
- 7.** Viðburður, hópefli og aðrir skipulagðir hittingar meðal teymanna.
- 8.** Aðhaldið

Árangur & Endurgjöf

Hefur þú einhverjar tillögur eða ábendingar varðandi Hringiðu í heild eða efnistöð sem þú telur að geti bætt það?

- 1.** Fá fleiri á lokadaginn með áherslu á fjárfesta
- 2.** Leyfa teymunum að velja mentora og jafnvel hafa mentorafundina lengri. Mentorinn gæti spurt í upphafi "hvað gerir þú og hvernig get ég hjálpað". Hafa fleiri erlenda mentora með líka.
- 3.** Kynna aðrar fjármögnunarleiðir heldur en bara fjárfesta og styrki
- 4.** Gera þátttakendum grein betur fyrir tímanum og vinnunni sem fer í hraðalinn
- 5.** Færri en lengra dagskrár daga
- 6.** Fleiri mentora með reynslu í grænni nýsköpun
- 7.** Hafa fyrirlestrana meira sérhæfðari (t.d. fókus á tölur og gerð viðskiptaáætlana) og hafa skil á gögnum til Icelandic Startups og hafa einhvern sem er harður á að dæma það sem er skilað inn þar sem teymin vilja heyra veikleikana.

Umsagnir Þátttakenda

During Hringiða you will surely get comprehensive support from the Icelandic Startups team and will enhance your company scope and growth with access to country's leading specialists and entrepreneurs.

Hringiða hjá Icelandic Startups var algjör game-changer í að tengjast og endurstilla aðgerðir fyrirtækisins. Að hafa slíkt aðgengi sem var í boði að mentorum, Icelandic Startups teyminu, aðstöðunni ásamt því að vera í Hringiðu startup senunnar er ómetanlegt fyrir þá sem eru að hugsa sér að gera sinn draum að raunveruleika. Ásamt því komast að því hvað raunverulega þarf til að ná árangri og upplifa orkuna sem er í senunni.

Icelandic Startups eru gríðarlega mikilvæg inn í frumkvöðlaheiminn, þau efla hugrekki, raunsæi og ýta undir nátturulega framkvæmdagetu frumkvöðla með "strúktúr" sem að getur gert gæfumun.

Frábær lokapitch þjálfun

Að taka þátt í Hringiðu viðskiptahraðallinum var frábært tækifæri í alla staði, það hjálpaði meðal annars til við að fá yfirsýn yfir verkefnið, forgangsraða verkferlum og komast í tengsl við reynslubolta í frumkvöðlaheiminum. Einnig er starfsfólkið hjá Icelandic Startups frábært og var alltaf tilbúið að aðstoða á alla vegu.

Umsagnir Þátttakenda

55%

Myndu vilja áframhaldandi aðstoð frá Icelandic Startups í formi eftirfylgni, ráðgjafar og aðgangi að tengslaneti.

91%

Fannst Hringiða mæta væntingum sínum vel eða mjög vel.

Þátttakendur

Landsvæði

4 höfuðborgarsvæðið

2 suðurland

1 norðurland



Tegund verkefna

56% nýta úrgang sem aðföng

33% draga úr kolefnisspori

11% framleiða orku á nýjan máta



Staða verkefna

3 á hugmyndastigi

4 í rekstri



Ánaburður

Framleiða hágæða lífrænt vottaðan áburð úr lífrænum úrgangi.

Fyrirtækið mun nýta svokallaða vermicompost aðferð við framleiðsluna en hún felst í því að ánamaðkar eru fóðraðir á lífrænum úrgangi sem þeir svo skila frá sér sem áburði.



Styrkir:
Ubbyggingarsjóður Suðurlands 2019, 1m

Hemp Pack

Hemp Pack er ungt líftækni fyrirtæki í þróun á lífplasti úr lífmassa og kaldræktuðum örverum. Fyrirtækið nýtir afföll matvælaiðnaðar og landbúnaðarframleiðslu ásamt endurnýjanlegri orku til þess að framleiða sannarlega sjálfbæran staðgengil plasts fyrir alþjóðlegan markað.



Styrkir:
Tækniþróunarsjóður Sproti 2021, 10m

IceWind

IceWind hannar og smíðar litlar lóðréttssás vindtúrbínur ætlaðar fyrir öfgafullt veðurfar á norðurslóðum. Rekstraraðilar lítilla orkukerfa úr alfaraleið hafa oftar en ekki engan aðgang að rafmagni og þurfa því að framleiða sína eigin orku. Sólarorka er mjög takmörkuð á norðurslóðum og því þarf að notast við aðrar aðferðir við orkuöflun svo sem vindorku.



Styrkir:
Horizon 2020 SME Instruments, 100m
Tækniþróunarsjóður Vöxtur 2016, 45m
Tækniþróunarsjóður Vöxtur 2021, 50m

M Bío Box

Þróa íslenska útfærslu af náttúrulega niðurbjótanlegum
umbúðum til að leysa af hólmi óvístvænar umbúðir nýttar fyrir
fiskútflutning í dag.



On To Something

Vettvangur sem tengir saman ólíka aðila og mótar skapandi farvegi fyrir hreina strauma fráfallsefna með verðmætasköpun og sjálfbærni að leiðarljósi.



Surova

Sjálfvirk grænmetisræktun inni í stöðluðum gámaeiningum staðsettum í nánd við verslanir. Surova vinnur að lágmörkun auðlinda við framleiðslu grænmetis með þróun sjálfvirkra lausna til að hámarka afköst og hagkvæmni hverrar uppskeru.



Styrkir:
Íslandsbanki - frumkvöðlastyrkur 2020, 2 m
Tækniþróunarsjóður - fræ 2021, 2m

Vestro

Vestro þróar nýjar vörur úr 100% endurunnu plasti og skapa í leiðinni hringrás. Markmiðið er að skipta út hefðbundnu plasti fyrir 100% endurunnið plast í framleiðslufyrirtækjum, öllum iðnaði, flutningafyrirtækjum, heimilum, sjávarútvegi og landbúnaði.



Mentorar

Pungamiðjan í Hringiðu felst í aðgangi frumkvöðlanna að fyrsta flokks mentorum, sérfræðingum, fyrirlesurum og fjárfestum sem koma allstaðar að úr atvinnulífinu.

Þátttakendurnir tóku samtals 220 mentorfundir á 7 vikum og hittu 37 mentora á háltíma löngum fundum.



Mentor ársins 2021:

Kristján Kristjánsson,
stofnandi og framkvæmdastjóri 50skills



220

Mentorfundir



40% 60%

37

Mentorar



110

Klukkustundir

Mentorar

Snjólaug Ólafsdóttir	Senior Manager, Ey Iceland
Eggert Benedikt Guðmundsson	Forstöðumaður, Grænvangur
Sveinn Margeirsson	Sveitastjóri, Skútustaðahreppur
Hrund Gunnsteinsdóttir	Framkvæmdastjóri, Festa
Kristján Kristjánsson	Framkvæmdastjóri, 50Skills
Marta Rós Karlsdóttir	Forstöðumaður Auðlinda, Orka Náttúrunnar
Ágústa Ýr Þorbergsdóttir	Framkvæmdastjóri, Navigo slf
Stefanía Guðrún Halldórsdóttir	Framkvæmdastjóri, Eyrir Invest
Silja Thors	Viðskiptaþjálfari, sjálfstætt starfandi
Bjarni Herrera	Senior Manager, Circular Solutions KPMG
Margrét Ormslev Ásgeirsdóttir	Partner / Fjárfestingastjóri, Brunnur Ventures
Áslaug Hulda Jónsdóttir	Forstöðumaður viðskipta og þróunar, Pure North
Anna Margrét Guðjónsdóttir	Framkvæmdastjóri, Evris

Mentorar

Valgeir Páll Björnsson

Framleiðslusérfræðingur, Sorpa

Ólöf Vigdís Ragnarsdóttir

Verkefnastjóri nýsköpunar, Háskóli Íslands

Guðbjörg Óskarsdóttir

Forstöðumaður efnis-, líftækni og orkudeildar, Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Jessie VanderVeen

Markaðsstjóri, Controlant

Jón Heiðar Ragnheiðarson

Vörustjóri, Meniga

Gyða Sigríður Björnsdóttir

Sérfræðingur í sjálfbærni, Sorpa

Max Gruenig

Meðstofnandi, Pocacito

Örn Viðar Skúlason

Fjárfestingastjóri, Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins

Hekla Arnardóttir

Meðeigandi, Crowberry Capital

Hildigunnur Thorsteinsdóttir

Framkvæmdastýra Rannsóknar og nýsköpunar, Orkuveita Reykjavíkur

Ragnheiður H. Magnúsdóttir

Formaður tækninefndar, Vísinda- og tækniráð

Jón Ingi Benediktsson

Framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar, Statens Serum Institute

Mentorar

Sveinn Aðalsteinsson

Framkvæmdastjóri, Orkídea

Magnús Ingi Óskarsson

Ráðgjafi, jálfstætt starfandi

Ingi Björn Sigurðsson

Meðstofnandi, Brum Funding

Hanna Kristín Skaftadóttir

Framkvæmdastjóri, Poppins & Partners

Leó Ólafsson

Framkvæmdastjóri, Drafttails

Ásgeir Skorri Thoroddson

Senior Manager, KPMG

Ásthildur Otharsdóttir

Fjárfestingastjóri, Frumtak Ventures

Harpa Júlíusdóttir

Verkefnastjóri, Festa

Sverrir Bollason

Skipulagsverkfræðingur, VSÓ Ráðgjöf

Dagný Halldórsdóttir


Verkfræðingur, sjálfstætt starfandi

Bergþóra Hlíðkvist Skúladóttir

Framkvæmdastjóri Global Sustainability & EHS, Össur

Paula Gould

Ráðgjafi, Float And Gather



Fyrirlesarar og aðrir gestir

Ólöf Andriessdóttir

Yfirverkefnastjóri jarðhitagarðs, Orka Náttúrunnar

Ástþór Ingvi Ingvason

Stöðvastjóri, Sorpa

Áslaug Hulda Jónsdóttir

Forstöðumaður viðskipta og þróunar, Pure North

Hafdís Huld Björnsdóttir

Framkvæmdastjóri, RATA

Magnús Þór Torfason

Dósent í nýsköpun, Háskóli Íslands

Gunnar Dofri Ólafsson

Sérfræðingur í samskiptum og samfélagsvirkni, Sorpa

Oddur Ólafsson

Framkvæmdastjóri, HorseDay

Berglind Ragnarsdóttir

Verkefnastjóri, Controlant

Skúli Skúlason

Framkvæmdastjóri þjónustu, Orkuveita Reykjavíkur

Einar Gunnar Guðmundsson

Sviðsstjóri, Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Þórdís Bjarnadóttir

Liðsstjóri skatta- og lögfræðirágjafar, Deloitte

Líf Lárusdóttir

Markaðsstjóri, Terra

Jón Heiðar Ragnheiðarson

Vörustjóri, Meniga

Magga Dóra Ragnarsdóttir

Stafrænn hönnunarleiðtogi, Mennsk ráðgjöf

Bjarney Harðardóttir

Eigandi 66°Norður

Fyrirlesarar og aðrir gestir

Jónína Guðný Magnúsdóttir

Framkvæmdastjóri viðskipta- og þjónustusviðs, Terra

Jón Gunnarsson

Samskiptastjóri, Hugverkastofa

Páll Ríkharðsson

Prófessor, Háskólinn í Reykjavík

Sigríður Heimisdóttir

Ráðgjafi, Tækniróunarsjóður

Örn Viðar Skúlason

Fjárfestingastjóri, Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins

Anna Margrét Guðjónsdóttir

Framkvæmdastjóri, Evris

Stefanía Guðrún Halldórsdóttir

Framkvæmdastjóri, Eyrir Invest

Margrét Ormslev Ásgeirsdóttir

Fjárfestingastjóri, Brunnur Ventures

Hjálmar Gíslason

Framkvæmdastjóri, GRID

Ólafur Þór Jóelsson

Framkvæmdastjóri, Sena

Gestur Pétursson

Framkvæmdastjóri, Veitur

Jarprúður Ásmundsdóttir

Fagstjóri nýsköpunar og tækni, Íslandsstofa

Huld Magnúsdóttir


Framkvæmdastjóri, Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins

Bergur Sigfússon


CO2 fongun og niðurdæling, Carbfix


Guðni Th. Jóhannesson

Forseti Íslands



Tímalína 2021







Hringið

ICELANDIC
STARTUPS